

Erlend viðskipti - skilmálar

Eftirfarandi skilmálar kveða á um notkunarreglur vegna viðskipta við Sparisjóðina, sem eru Sparisjóður Austurlands kt. 621214-0630, Sparisjóður Höfðhverfinga kt. 610269-6569, Sparisjóður Strandamanna kt. 610269-4199 og Sparisjóður Suður-Þingeyinga kt. 530990-2149. Skilmálarnir gilda um erlend viðskipti við þann sparisjóð/þá sparisjóði sem notandi er í viðskiptum við. Þegar vísað er til Sparisjóðsins í skilmálum þessum vísar það einnig til þess sparisjóðs/þeirra sparisjóða sem notandi er í viðskiptum við.

1. Erlend viðskipti

1.1. Sparisjóðurinn ber enga ábyrgð á mögulegum mistökum eða vanrækslu sem leiða kann af vali viðskiptavinar á erlendum viðskiptaaðila og áreiðanleika hans. Hið sama gildir um mistök eða vanrækslu erlendra fjármálafyrirtækja. Viðskiptavini bankans er bent á að kynna sér skilmála viðkomandi erlends fjármálafyrirtækis, gildandi löggjöf þess ríkis og framkvæmd viðskipta í viðkomandi landi.

1.2 Gengistafla Sparisjóðsins gildir í öllum viðskiptum með erlenda gjaldmiðla nema um annað sé sérstaklega samið. Í þeim viðskiptum sem myndast getur gengismunur ber viðskiptavinur alla áhættu þar af nema sérstaklega hafi verið samið um annað.

1.3 Í skilmálum þessum er kveðið á um sérreglur um greiðslureikninga og greiðslur í erlendum gjaldmiðli.

2. Kostnaður og gjöld

2.1. Notandi greiðir fyrir notkun þjónustunnar í samræmi við verðskrá Sparisjóðsins eins og hún er á hverjum tíma.

Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að krefjast þjónustugjalds fyrir nýja/breytta þjónustu sem Sparisjóðurinn mun bjóða notanda í framtíðinni. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að ákvarða einhliða þá þjónustu sem Heimabanki og /eða app Sparisjóðsins veitir á hverjum tíma og auka hana eða minnka.

Breytingar á þjónustugjöldum og/eða þegar nýjum er bætt við taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir notandann eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021. Að öðrum kosti taka breytingar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Notandi telst hafa samþykkt breytingarnar ef ekki eru gerðar athugasemdir innan þess tíma.

2.2. Þjónustugjöld verða gjaldfærð á skuldfærslureikning í eigu notanda.

3. Varnarþing

3.1. Rísi mál vegna skilmála þessarra eða deila í tengslum við þá eða hvers konar ágreiningur milli notanda og Sparisjóðsins/þess sparisjóðs sem notandi á í viðskiptum við vegna notkunar notanda á Heimabanka eða appi Sparisjóðsins má reka slíkt mál í þeirri dómþinghá sem viðkomandi sparisjóður er starfandi í og hann á varnarþing í.

4. Samþykki og undirritun

Með undirskrift sinni á skilmála þessa samþykkir notandi að hlíta þeim að öllu leyti og þeir teljast hluti af samningi notanda við Sparisjóðinn um erlend viðskipti.